

Alþingi
Erindi nr. P 139/246
komudagur 10. 2. 2011



AKUREYRARBÆR
Skipulagsdeild

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 9. febrúar 2011
2011010141 01-106-05


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar tók til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum 113. mál og bókaði eftirfarandi:

“Erindi dags. 25.01.2011 frá Kristjönu Benediktsdóttur f.h. Umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010.

Skipulagsnefnd telur breytinguna ekki til þess fallna að auka skilvirkni varðandi staðfestingu á aðalskipulagi eða á aðalskipulagsbreytingu telji Skipulagsstofnun að synja beri tillögu þar sem ekki er gert ráð fyrir valdsframsali af hálfu ráðherra. Samkvæmt breytingartillögunni getur ráðherra samt sem áður fellt úr gildi aðalskipulag eða aðalskipulagsbreytingu að loknum tímafresti sem gefinn er í frumvarpinu. Að því leyti hefur frumvarpið takmarkað gildi. Skipulagsnefnd er þó sammála því að rétt sé að setja tímafrest á ákvörðun ráðherra en telur að fyrrgreindur tímafrestur sé of knappur og leggur því til að frestur ráðherra til að afgreiða tillögur þar sem Skipulagsstofnun fer fram á synjun verði þrjú mánuðir frá því ráðuneyti berst tillaga. Í gildandi skipulagslögum hefur Skipulagsstofnun þrjár vikur til afgreiðslu skipulagstillagna sem er lengri tími en var í eldri lögum. Því er lagt til að Skipulagsstofnun verði settur 7 daga frestur frá móttöku á deiliskipulagi til að tilkynna sveitarstjórn ef hún hyggst taka deiliskipulag til frekari skoðunar. Ef sveitarstjórn berst ekki slík tilkynning innan frestsins verði henni heimilt að auglýsa gildistöku deiliskipulagsins.”

Virðingarfyllt,


Pétur Bolli Jóhannesson
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar



SKIPULAGSDEILD